

Ed.

87. Frumvarp til laga

um ýmsar bráðabirgðaráðstafanir vegna skulda þeirra bænda, er fyrir tjóni verða eða hafa orðið af völdum mæðiveikinnar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs og stjórnir annara opinberra lánsstofnana, sem veitt hafa bændum lán gegn veði í sauðfé, skal eigi heimilt að segja upp þessum lánnum, þrátt fyrir þar að lútandi ákvæði laga og reglugerða þessara stofnana, þótt veð fyrir lánnum þessum rýrni af völdum mæðiveikinnar, þannig að féð fellur verðlaust eða verðlítið.

2. gr.

Nú fellur fé, veðsett fyrrnefndum lánsstofnunum, verðlaust eða verðlítið, svo að eignir skuldunauts minnka að verulegu leyti, og heimilast þá stjórnnum stofnana þessara að afskrifa skuldirnar allt að því, er veðrýrnun eignanna nemur.

3. gr.

Stjórnnum fyrrnefndra lánsstofnana skal eigi heimilt að taka andvirði þess fjár, sem slátrað er vegna mæðiveikinnar eða yfirvofandi hættu á henni, og sem þær telja, að veðsett sé fyrir lánnum við þessar stofnanir, til að lækka skuldirnar, heldur aðeins að hafa eftirlit með því, að andvirðinu sé varið til að koma upp stofninum að nýju eða afla annara arðbærra og veðhæfra eigna.

4. gr.

Nú stendur skuldunautur opinberra lánsstofnana eða sjóða höllum fæti við búrekstur sinn af völdum mæðiveikinnar, og heimilast þá stjórnnum þessara lánsstofnana að veita honum gjaldfrest á afborgunum allra lána og uppgjöf vaxta um óákveðinn tíma, eða þar til öðruvísi verður ákveðið.

5. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að nefndum lánsstofnunum og sjóðum verði fært að veita gjaldfrest þann og uppgjöf vaxta, sem um getur í 4. gr.

6. gr.

Nú hafa opinberar lánsstofnanir eða sjóðir þegar gert ráðstafanir til að ganga að bónda vegna vanskila á vöxtum og afborgunum af lánnum eða vegna rýrnunar á veðum, eða andvirði sláturfjár hefir verið tekið til þess að lækka skuldirnar fram yfir umsamdar afborganir, en telja verður, að vanskil bóndans eða rýrnun veðsins orsakist að verulegu leyti af tjóni vegna mæðiveikinnar, og skal þá stjórnnum hlutaðeigandi stofnana heimilt að hverfa frá þeim ráðstöfunum og láta fara með málið samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í samræmi við kröfur þær, sem fulltrúar bænda af fjárpestar-svæðunum samþykktu á fundi, sem haldinn var í Fornahvammi 29. okt. síðastl., og má gera ráð fyrir, að flestir séu sammála um, að þetta séu þær minnstu ráðstafanir í skuldamálum bænda á mæðiveikisvæðinu, sem nauðsyn ber til að framkvæma strax, til bráðabirgða, þar til tekin verður til meðferðar ný skipun á skuldamálum bænda um land allt.

Þetta er aðeins einn þáttur þeirra aðkallandi ráðstafana, sem gera verður til að hjálpa bændum á fjárpestarsvæðinu og taka verður til meðferðar og leiða til lykta áður en þessu þingi lýkur.

Nánar í framsöguræðu.